

# REGLUR

um breytingu á reglum er varða merkingar.

## I. KAFLI

**Breyting á reglum nr. 184/2000, um mælieiningarverð.**

1. gr.

8. gr. reglnanna orðast svo:

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

## II. KAFLI

**Breyting á reglum nr. 719/1998, um heiti og merkingu textílvara.**

2. gr.

22. gr. reglnanna orðast svo:

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

## III. KAFLI

**Breyting á reglum nr. 580/1998, um verðmerkingar.**

3. gr.

8. gr. reglnanna orðast svo:

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

## IV. KAFLI

**Breyting á reglum nr. 309/1998, um samsetningu, framleiðslueiginleika og merkingu á kristallsgleri.**

4. gr.

6. gr. reglnanna orðast svo:

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

## V. KAFLI

**Breyting á reglum nr. 522/1995, um merkingar efnis í skófatnaði.**

5. gr.

11. gr. reglnanna orðast svo:

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

## VI. KAFLI

**Breyting á reglum nr. 580/1994, um birtingu verðskráa hárgreiðslu- og rakarastofa.**

6. gr.

3. gr. reglnanna orðast svo:

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

## VII. KAFLI

**Breyting á reglum nr. 577/1994, um birtingu og auglýsingar  
á aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa.**

## 7. gr.

3. gr. reglnanna orðast svo:

Ef brotið er í bága við reglur þessar varðar það viðurlögum samkvæmt 51. og 57. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

## VIII. KAFLI

**Lagastoð og gildistaka.**

## 8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga, öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, 21. maí 2001.*

*Samkeppnisstofnun,*

**Georg Ólafsson.**

*Kristín Færseth.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 78 30. janúar 1997.**

## 1. gr.

35. gr. orðist svo:

Skráningarstofa getur heimilað að bifreið megi, í stað skráningarmerkja skv. 12.-14. gr., bera skráningarmerki af gerð sem notuð var fram til 1937 eða á tímabilinu 1938-1949. Til þess að bifreið megi bera þessi merki skal hún vera af árgerð 1949 eða eldri og skal gerð merkjanna vera í samræmi við árgerð bifreiðarinnar. Skráningarstofa getur einnig heimilað að fornbifreið, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja, megi bera skráningarmerki af þeirri gerð sem notuð var fram til ársins 1988.

Þá getur skráningarstofa heimilað að bifhjól, annað en létt bifhjól, og dráttarvél sem er a.m.k. 25 ára megi, í stað skráningarmerkja skv. 12. og 13. gr., sbr. 15. gr., eftir atvikum 16. gr., bera skráningarmerki af eldri gerð.

Ef ökutæki sem óskað er eftir að megi bera skráningarmerki skv. 1. eða 2. mgr. ber annað skráningarmerki fyrir ber eiganda ökutækisins að skila hinum eldri merkjum til skráningarstofu eða aðila í umboði hennar, nema þau hafi glatast.

Skráningarstofa kveður nánar á um gerð skráningarmerkjanna og áletrun þeirra með hliðsjón af reglum er giltu um hinar eldri gerðir skráningarmerkja.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60., 64., 64.a og 67. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. maí 2001.*

**Sólveig Pétursdóttir.**

*Ólafur W. Stefánsson.*